

Sp.

593. Nefndarálit

um till. til þál. um aukaupphót á styrki til skálda, rithöfunda, vísindamanna og listamanna.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hlutinn láta fella tillöguna, en við viljum láta samþykkja hana óbreytta.

Eins og segir í greinargerð flutningsmanna, var ákveðið með þingsályktun 28. ágúst 1942 að greiða 25—30% aukaupphót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins, og voru þessar uppbætur einnig látnar ná til fjárveitinga samkv. 18. gr. fjárlaga (á laun, eftirlaun og styrki). Þar sem fjárveitingar til rithöfunda og listamanna voru flestar í þessari fjárlagagrein, áður en menntamálaráði var falin úthlutunin, er óumdeilanlegt, að nýskipanin á styrkveitingunum hefur skaðað þá fjárhagslega, því að vitanlega hefðu þeir annars fengið aukaupphótina engu síður en þeir, sem látnir voru standa áfram í 18. greininni.

Eigi var að fullu upplýst í n., hvort aukaupphótin hefði á s. l. ári verið látin ná til styrkveitinga í 18. gr. fjárlaga. Við spurðumst fyrir um þetta hjá fjármálaráðuneytinu, og gaf það skýlaust svar um, að aukaupphótin hefði verið greidd á styrkveitingar samkv. 18. gr. fjárl.

Með sanngirni verður ekki á móti mælt, að aukaupphótin verði greidd á styrki þá til rithöfunda, skálda og listamanna, sem menntamálaráð úthlutaði s. l. ár. Einnig má benda á, að sú upphæð, sem í fjárl. yfirstandandi árs er ákveðin í styrki til rithöfunda, skálda og listamanna, er lægri en árið 1939, en það ár voru tekjur ríkissjóðs aðeins 19,9 millj. króna. Síðast liðið ár munu tekjur ríkissjóðs hafa numið nærfellt 90 milljónum króna. Það virðist því ekki með sanni vera hægt að segja, að rithöfundum, skáldum, vísindamönnum og listamönnum hafi verið sýnd slík rausn í styrkveitingum, hvorki síðast liðið né yfirstandandi ár, að þess vegna ætti að klipa af þeim þessa aukaupphót, sem veitt hefur verið í öllum hliðstæðum tilfellum og þeir hefðu orðið aðnjótandi, ef ekki hefði verið horfið að því ráði að láta menntamálaráð úthluta styrkjunum, að minnsta kosti þeir, sem styrki höfðu í 18. gr.

Alþingi, 18. marz 1943.

Finnur Jónsson,
form.

Þóroddur Guðmundsson,
frsm.

Lúðvik Jósefsson.